

## **Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar**

### **3. fundur 2009 (5. fundur)**

EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 20.03.2009 kl. 10 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Sigurður Valur Ásbjarnarson	skipulagsnefnd
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Sigurður Thoroddsen	"
Steinþór Einarsson	"
Eiríkur Bjarnason,	ritari skipulagsnefndar
Magnús Guðmannsson	skipulags- og byggingarfulltrúi

#### **1. Samráðsfundur með skipulagsráði Keflavíkurflugvallar**

Til fundarins mættu frá skipulagsráði Keflavíkurflugvallar ohf (KEF) þeir Stefán Jónsson og Ómar Ingvarsson. Auk þess er Magnús Guðmannsson, skipulagsfulltrúi, starfsmaður ráðsins. Auk framangreindra sitja í ráðinu Eiríkur Ómar Sveinsson, Stefán Thordersen og Sigrún Jónsdóttir.

Formaður skipulagsnefndar gerði grein fyrir skipulagi og starfsemi skipulagsnefndarinnar. Lagðar voru fram reglur um ráðgjafahóp Keflavíkurflugvallar ohf (skipulagsráð) í skipulagsmálum.

Rætt var um og ákveðið að öll skipulagsmál flugvallarins fari í þann farveg að þau komi frá Keflavíkurflugvelli ohf (skipulagsfulltrúa) til skipulagsnefndarinnar.

Vinna við endurskoðun aðalskipulags keflavíkurflugvallar er farin í gang og snýr hún að aðlögun að aðalskipulagi Reykjanesbæjar. Heildarendurskoðun aðalskipulagsins er ekki farin af stað og ræður þar nokkru að hún mun verða kostnaðarsöm og aðhald er mikið í rekstri. Ljóst er þó að hraða þarf þeirri vinnu m.a. vegna hugmynda í aðalskipulagi Sandgerðisbæjar um tilflutning nýrrar flugbrautar. Mikil umræða spannst um flugbrautir vallarins. Verið er að vinna að gerð skipulagsreglna fyrir Keflavíkurflugvöll.

Rætt var um heimasíðu skipulagsnefndarinnar sem vistuð verði undir heimasíðu KEF. Þar þarf m.a. eftirfarandi að koma fram:

- Tilvitnun í lög sem skipulagsnefndin starfar eftir
- Hverjir sitja í nefndinni og á vegum hverra
- Starfsreglur nefndarinnar
- Fundargerðir
- Hvert erindi eiga að berast

Ennfremur var rætt um varðveislu gagna nefndarinnar. Voru aðilar sammála um að vista gögn nýju nefndarinnar hjá félaginu en ekki er enn ljóst hvernig fara á með gögn gömlu nefndarinnar. Eldri hluti þeirra gagna gæti hugsanlega farið á Þjóðskjalasafnið.

Til umræðu var að KEF fái a.m.k áheyrnarfulltrúa í svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja.

**2. Tillaga að aðalskipulagi Sandgerðisbæjar**

Sandgerðisbær hefur sent út Áfangaskýrslu 1 vegna vinnu við aðalskipulag bæjarins, leiðarljós, forsendur og skipulagsáherslur. Ennfremur hefur verið gefin út matslýsing vegna umhverfismats aðalskipulags bæjarins. Gögn þessi voru lögð fram á fundinum.

Sigurður Valur Ásbjörnsson, bæjarstjóri, gerði stuttlega grein fyrir helstu atriðum aðalskipulagsins. Nokkrar umræður spunnust um aðalskipulagið.

Að svo komnu máli gerir skipulagsnefndin ekki athugasemdir við aðalskipulag Sandgerðisbæjar.

**3. Dreifing fundargerða**

Rætt var um hverjir geti fengið aðgang að fundargerðum skipulagsnefndarinnar. Niðurstaðan var sú að þær væru opinber plögg sem öllum væri heimilt að sjá og væri eðlilegt að þær væru birtar á heimasíðu nefndarinnar.

**4. Svæðisskipulag Suðurnesja**

Rætt var stuttlega um svæðisskipulag Suðurnesja sem komið er á góðan rekspól. Tímabært gæti verið að halda fund með ráðgjöfum svæðisskipulagsins í maí n.k.

**5. Fundur með stjórn Keflavíkurflugvallar ohf**

Minnt var á fund með stjórn Keflavíkurflugvallar ohf sem haldinn verður miðvikudaginn 25. mars n.k. kl. 15 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

**6. Næsti fundur skipulagsnefndar**

Næsti fundur skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar hefur ekki verið ákveðinn.

Fleira ekki gert, fundi slitið.